

Sveitarfélagið Hornafjörður  
Hafnarbraut 27  
780 HÖFN

Garðabær, 25. mars 2024  
Málsnúmer: 202402-0046  
SS

**Efni: Umsögn um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar vegna nýs verslunar- og þjónustusvæðis.**

Vísað er í tölvubréf frá Sveitarfélaginu Hornafirði sem barst þann 15. febrúar 2024 í gegnum Skipulagsgátt. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030. Breytingin varðar afmörkun á nýju svæði fyrir rýmisfreka verslunar- og þjónustustarfsemi. Svæðið (VP-51) er staðsett austan Hafnarvegar og norðan Hafnarbrautar.

Svæðið sem um ræðir er um 3 hektarar og er í dag framræst landbúnaðarland og samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar blanda af vot- og graslendi. Vegna framræslunnar er verndargildi svæðisins fremur rýrt en svæðið hýsir þó án efa lífríki s.s. fugla. Nálægð við byggð og vegi rýrir þó gæði svæðisins sem búsvæði fugla. Áform um uppbyggingu íbúðarsvæðis sunnan við Hafnarbraut rýrir enn frekar gæði svæðisins og þar með verndargildi þess.

Taka þarf tillit til þess að á mikilvæg fjörusvæði sem m.a. hafa verið tilnefnt fyrir B-hluta náttúruminjaskrár eru í nágrenninu og huga þarf að áhrifum uppbyggingar á t.d. rennsli ferskvatns og mengunarhættu.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við aðalskipulagsbreytinguna en áskilur sér rétt á ábendingum á deiliskipulagsstigi.

Virðingarfyllst,

*Snorri Sigurðsson*

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

